

## REGLUGERÐ

### um löndun á bræðslufiski erlendis.

#### 1. gr.

Reglugerð þessi tekur til löndunar á bræðslufiski í fiskimjölsverksmiðjur erlendis.

Einungis er heimilt að landa afla í fiskimjölsverksmiðjur erlendis, þar sem vigtunar- aðferðir og eftirlit er viðurkennt af Fiskistofu.

#### 2. gr.

Skiptstjóri skal strax og haldið er til erlendar hafnar, tilkynna Fiskistofu um áætlaðan afla um borð í skipinu, löndunarstað og áætlaðan komutíma. Jafnframt skal Landhelgis- gæslunni á sama tíma tilkynnt um áætlaðan afla um borð. Verði breyting á löndunarstað, eða áætluðum komutíma, skal það tilkynnt Fiskistofu þegar í stað.

Fiskistofu er heimilt að senda eftirlitsmann til þess að fylgjast með löndun á bræðslufiski hjá erlendum fiskimjölsverksmiðjum telji hún ástæðu til þess.

#### 3. gr.

Þegar að löndun lokinni skal skipstjóri senda Fiskistofu staðfest afrit af vigtarnótu. Telji Fiskistofa upplýsingar um aflamagn ekki fullnægjandi eða ótrúverðugar, svo sem ef landaður afli er umtalsvert minni en áætlun, sbr. 2. gr., vigtarnótur eru óglöggar eða aðrar upplýsingar misvísandi, skal við það miðað við útreikning afla skipsins að það hafi landað fullfermi, miðað við staðreynda burðargetu þess á þeirri vertíð.

#### 4. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 57, 3. júní 1996, um umgengni um nytjastofna sjávar.

#### 5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 5. gr. laga nr. 57, 3. júní 1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 28. október 1997.*

**Þorsteinn Pálsson.**

*Árni Kolbeinsson.*

## REGLUGERÐ

### um Lánasjóð íslenskra námsmanna.

#### 1. gr.

Lánasjóður íslenskra námsmanna skal auglýsa með tryggilegum hætti eftir umsóknum um námslán. Í auglýsingu skal taka fram um hvaða lán sé að ræða, hvar umsóknareyðublöð og önnur umsóknargögn séu fáanleg, hvenær umsóknarfrestur renni út, sem og annað sem máli skiptir.

Eyðublöð fyrir umsóknir og fylgiskjöl þeirra, svo og upplýsingar um námsaðstoð sjóðsins, skulu jafnan vera fáanleg í íslenskum skólum þar sem lánshæft nám fer fram, sem og í sendiráðum Íslands erlendis.